

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá: Íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og sé annar þeirra skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin skili álitni fyrir fyrsta samkomudag næsta reglulegs Alþingis, þannig að unnt verði að taka til heildarendurskoðunar, ef þurfa þykir, á næsta löggjafarþingi íþróttalög nr. 49/1956, með þeim breytingum sem á þeim hafa orðið.

G r e i n a r g e r ð .

Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, er lagt til að ríkisstjórnin skipi sérstaka nefnd til þess að gera heildarúttekt á íþróttamálum í landinu. Á álitni hennar og tillögum verði síðan mótuð heildarstefna í þessum veigamikla málaflokki til ársins 2000, eða næstu 15 árin.

Mikið liggur nú þegar fyrir af gögnum sem nefndin getur unnið úr. Í ársbyrjun 1975 skipaði menntamálaráðherra fimm manna nefnd til þess að rannsaka stöðu íþróttanna í íslensku þjóðlífi. Nefnd þessari tókst ekki að ljúka störfum. Eftir er að vinna yfirlit og skrár og rannsaka ýmsa þætti sem leggja verður til grundvallar þegar meta á stöðu íþróttanna.

Með þessum gögnum er m. a. unnt að athuga og gera glögga grein fyrir hvort íþróttastarfsemi og líkamsrækt með nemendum og almenningi hefur eflst, hvort aðstaða hefur batnað og hvernig fjárveitingum hefur verið háttað frá því Alþingi mótaði með íþróttalögum 1939 það sjónarmið „... að áhrif íþróttanna til þroska, heilsuþótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi“.

Í þáttill. er lagt til að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar skipaðir úr menntamálaráðuneytinu.

Um þessa nefndarskipun er það að segja að ekki er nema eðlilegt að fulltrúi frá íþróttanefnd eigi þar sæti, m. a. í ljósi þeirrar staðreyndar að um þá nefnd fer mikill hluti þess fjár sem til íþróttamannvirkja er varið og til fleiri þátta íþróttamála. Þá er einnig sjálfsgagt að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá þeim tveim fjöldasamtökum sem með íþróttamál fara í landinu, annars vegar Íþróttasambandi Íslands sem er heildarsamtök íþróttafélaganna í landinu, og hins vegar Ungmennafélagi Íslands en starfsemi þess er að verulegu leyti bundin við íþróttir. Bæði hafa þau með að gera íþróttasamskipti innanlands sem utan. Þá er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi einnig fulltrúa í nefndinni. Eins og allir vita eru það sveitarfélögin sem eiga hvað stærstan þátt í uppbyggingu íþróttamannvirkja og annast viðhald þeirra og rekstur, auk þess sem þau hvert og eitt veita stóran hluta tekna sinna til íþróttamála eftir því sem þeim finnst eðlilegast og best. Þá er lagt til að einn fulltrúi verði frá Íþróttakennarafélagi Íslands. Íþróttakennarar vinna daglega að íþróttamálum í einni eða annarri mynd og gjörþekkja því til þeirra mála. Reynsla þeirra og tillögur væru mikils virði sem innlegg í störf nefndarinnar. Að lokum er lagt til að tveir fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu eigi sæti í nefndinni. Það er ekki óeðlilegt. Menntamálaráðuneytið er ráðuneyti íþróttamála. Um það fara allar opinberar fjárveitingar til íþróttamála og það tekur ákvarðanir um byggingar íþróttamannvirkja og skiptingu kostnaðar vegna þeirra. Þá ber einnig að nefna að menntamálaráðuneytið hefur með höndum ábyrgð á íþróttakennslu í skólum og ráðningar starfsfólks til þeirra hluta. Í menntamálaráðuneytinu er íþróttafulltrúi starfandi sem hefur þessi mál með höndum fyrir ráðuneytið.

Íþróttir og það mikla starf, sem þeim fylgir, þarfnast stefnumörkunar ekki síður en aðrir stórir málaflokkar. Ekki ber svo að skilja að engin stefnumörkun hafi átt sér stað varðandi íþróttir því að eins og allir vita eru í gildi íþróttalög ásamt mörgum fleiri þáttum sem móta stefnu á þessu sviði. Eins ber á það að líta og leggja áherslu á að sveitarfélög, og þó ekki síður frjáls félagasamtök, hafa ávallt mótað sína stefnu sjálf og eiga að gera það áfram.

Hitt er svo annað mál að til þess að hægt sé fyrir þessa aðila, eina sér eða alla saman, að móta samræmda stefnu í íþróttamálum er nauðsynlegt að fyrir liggi úttekt á stöðunni eins og hún er nú. Það er þessari nefnd ætlað að gera. Þegar þeirri úttekt er lokið á að vera auðvelt að móta samræmda stefnu allra aðila í íþróttamálum.

Athugun nefndarinnar á að vera margþætt, en helstu þættir, sem athuga þarf, eru:

A: Skólar:

Aðstaða sú sem þeir veita til íþróttaiðkana, bundinna í námsskrá og með frjálsri þátttöku. Einnig verði gerð grein fyrir árangri af framkvæmd sundskyldu og öðrum íþróttaiðkunum í skólum.

B: Ungmenna- og íþróttafélög.

Auk þess sem aðstaða til íþróttaiðkana, keppni og félagsmála er athuguð, skal athugun einnig beinast að starfrækslu íþróttamannvirkja og hvernig þau verði best nýtt bæði fyrir félagsbundna iðkendur og ófélagsbundinn almenning.

Afla þarf upplýsinga um kostnað við íþróttaiðkanir s. s. laun, starfrækslu, flutninga og tæki.

Afla þarf upplýsinga um innlend og erlend íþróttaviðskipti, umfang þeirra og kostnað. Þá þarf einnig að athuga hverjar séu sérþarfir fatlaðra í íþróttum og kostnaður í sambandi við það.

C: Afreksíþróttir.

Athuga þarf starf tengt ólympíuleikum, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni, Norðurlandakeppni, landskeppni og annarri slíkri keppni. Lýsa þarf umfangi slíks starfs og greina frá kostnaði einstaklinga, félaga og samtaka síðastliðin ár og hver stuðningur opinberra aðila hafi verið og hver hafi verið hlutdeild erlendra íþróttaaðila.

D: Almenningsíþróttir.

Gerð verði grein fyrir möguleikum almennings til ófélagsbundinna íþróttaiðkana og hver sé þróunin á því sviði. Í því sambandi komi fram að hve miklu leyti fjölskyldan geti notið íþróttaiðkana saman og almenningur óháð aldri eða kyni.

Mikið hefur þegar áunnist og verið gert af hálfu opinberra aðila í þessum málum, en athuga þyrfti betur hvort íþróttaaðstaðan nái til allra og gera úrbætur ef með þarf.

Í framhaldi af þessari athugun leggi nefndin fram ábendingar um hvaða ákvæði íþróttalaga þarfnist breytinga eða hvort þörf sé á heildarendurskoðun þeirra laga.

Íþróttalögin má rekja til þess að í apríl 1938 skipaði þáverandi forsætis- og kennslumálaráðherra, Hermann Jónasson, níu manna millipínganefnd er: „... geri tilögur til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta reglulegt Alþingi um það hvernig hagkvæmast verði að efla íþróttastarfsemi og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum að áhrif íþróttanna til þroska, heilsuþótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi“.

Nefndin skilaði tillögu að frumvarpi til íþróttalaga á tilskildum tíma og í desember 1939 var það afgreitt sem lög frá Alþingi, nr. 25 12. febrúar 1940. Síðan hefur verið starfað samkvæmt þeim að mestu óbreyttum. Endurskoðuð voru löginn og afgreidd frá Alþingi 28. mars 1956, lög nr. 49/1956. Breytingar voru gerðar á lögnum 1968, lög nr. 5/1968 (7. gr. 4. tl.), um stöðu íþróttafulltrúa, og einnig voru gerðar breytingar á lögnum 1972, lög nr. 34/1972, um íþróttasjóð. Það er því ekki ólíklegt að núgildandi íþróttalög þurfi breytinga við þótt því sé ekki slegið föstu.

Stefnumótunin á að ná til ársins 2000 eða til næstu 15 ára. Búast má við mjög aukinni þátttöku í íþróttum og ekki síst þess að vænta að hún eigi sér stað meðal almennings í ljósi

breyttra atvinnuhátta og styttri vinnutíma. Það er því mikilsvert að sveitarfélög og aðrir, sem að þessum málum vinna, geri sér þetta ljóst og bregðist við því á þann hátt að almenningur geti nýtt frístundir sínar til íþróttaiðkana, sjálfum sér og öðrum til gagns og ánægju.

Að lokum skal lögð á það áhersla að ætlast er til að höfuðmarkmið nefndarinnar verði að gera tillögur sem miði að því að sem flestir hafi jafna möguleika til íþróttaiðkana hvar sem er á landinu.